



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2021

STJÖ2AL05

Kennari	Ásgeir Pétursson, asgeir.petursson@fss.is	
Viðtalstími	Fimmtudagar kl. 11:10	
Námsefni	Kennslubók: „Stjörnufræði 2AL“	
Áfangalýsing	Viðfangsefni áfangans er stjörnuhiminninn og þau fyrirbæri sem þar finnast. Efnisatriði eru: stjörnuathuganir, stjörnuhiminninn, stjörnuhnit, tímatalskerfi, birtustig, innri gerð sólarinnar, ævi sólstjarna, HR-graf, stjörnuleifar, vetrarbrautir, rauðvik, heimsfræði og Miklihvellur.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að standast áfangann þarf að fá meðaleinkunn 4,5 eða hærrí úr námsþáttum sem koma til mats. Kaflapróf verða þrjú á önninni. Þau tvö sem gefa hæstu einkunnir hjá hverjum nemanda gilda 18% hvort, hið þriðja sem var með lægstu einkunn gildir 9%. Á önninni verður tímaritgerð um fyrirfram gefið efni. Nokkrir umræðutímar verða á önninni. Þeir gilda ekki til hefðbundinnar einkunnar. Nemandi getur, með því að sýna fram á með þátttöku og tjáningu að hann hafi krufið umræðuefnið til mergjar, unnið sér inn stjórnur sem verða metnar til hækkunar á einkunn. Fjórir spurningatímar verða á önninni. Þar fá nemendur spurningar sem svara á skriflega í tímanum. Hjá hverjum nemanda gilda þrír bestu spurningatímar 9% hver, sá lakasti gildir 4,5%.	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
	Heiti	Vægi
	Kaflapróf	45%
	Tímaritgerð	23,5%
	Spurningatímar	31,5%


Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. kennslustundir	15 vikur x 1 klst.	15 klst.
Undirbúningur f lotupróf	3 x 5 klst.	15 klst.
Undirbúningur f umræðufundi	4 x 1 klst.	4 klst.
Undirbúningur f. tímaritgerð	12 klst.	12 klst.
Tímaritgerð	1,5 klst.	1,5 klst.
Alls		107,5 klst = 5 fein*

Athugið: illmögulegt er að meta hvert vinnuframlag tiltekins nemanda muni vera í áfanganum. Varast ætti eindregið að miða við ofangreindar tölur þegar nemandi skipuleggur vinnu sína. Þær eru gefnar án allrar ábyrgðar.

Virðing, samvinna og árangur

<p>Reglur áfanga</p>	<p>Stranglega er bannað að tala í, senda skeyti, skoða móttækin skilaboð, fletta upp, hlusta á tónlist eða á nokkurn annan hátt nota farsíma eða önnur snjalltæki í kennslustund, hafa þau uppi á borði, í höndunum eða á annan hátt sýnileg. Brot á þessum reglum varðar hörð og tafarlaus viðurlög. Kennari getur þó gefið leyfi um frávík frá ofangreindum reglum.</p> <p>Engin sjúkrapróf standa til boða vegna forfalla nemenda frá kaflaprófum eða spurningatímum af neinum ástæðum. Á móti kemur minnkað vægi lægsta kaflaprófs, og spurningatíma, sjá ofar.</p> <p>Ef nemandi er forfallaður í tímaritgerð verður gefinn kostur á öðrum tíma til hennar.</p>
-----------------------------	---

<p>Annað sem kennari vill láta koma fram</p>	<p>Sannleikurinn er þarna úti.</p>
---	------------------------------------

<p>Þekking</p>	<p>Leikni</p>
<p>Nemandi skal öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • innri gerð og þróun sólstjarna • grunnþáttum stjörnuathugana • grunnstoðum heimsfræðinnar • eiginleikum vetrarbrauta • ólíkum stjörnuleifum og eiginleikum þeirra • upphafi og mögulegum endalokum alheimsins • samsetningu alheimsins (huldufni og hulduorku) 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • finna stað á hvelfingunni út frá stjörnuhniti • mæla stjörnuhnit stjörnu • finna hágöngu- og lággönguhæð stjörnu • finna dagsetningu hággönguhæðar • reikna raunbirtu út frá sýndarbirtu
	
<p>Hæfni</p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýna sjálfstæð og öguð vinnubrögð í upplýsingaöflun, mati, úrvinnslu og framsetningu • mynda sér heildstæða sýn á heimsmýnd nútímans • stunda stjörnuathuganir með litlum stjörnusjónauka 	

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 20. - 27. ágúst	6.1	
2. vika 30. ágúst - 3. september	6.2	
3. vika 6. - 10. september	1.1, 1.2	
4. vika 13. - 17. september	1.3, 1.4	
5. vika 20. - 24. september	1.5, 1.6, 1.7	Spurningatími
6. vika 27. sept. - 1. október	1.8, 1.9	1. kaflapróf
7. vika 4. - 8. október	1.10, 1.11, 1.12	
8. vika 11. - 15. október	2.1, 2.2, 2.3	Spurningatími
9. vika 18. - 22. október <i>Vetrarleyfi 18. og 19. okt.</i>	2.4, 2.5	
10. vika 25. - 29. október	3.1, 3.2, 3.3	2. kaflapróf
11. vika 1. - 5. nóvember	3.4, 3.5, 3.6	
12. vika 8. - 12. nóvember	3.7, 3.8, 4.1	Spurningatími
13. vika 15. - 19. nóvember	4.2, 4.3, 4.4, 4.5, 4.6	3. kaflapróf
14. vika 22. - 26. nóvember	5.1, 5.2, 5.3	
15. vika 29. nóv. - 3. desember	5.4, 5.5	Spurningatími

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ásgeir